

Skólanefndarfundur þriðjudaginn 31. janúar kl. 16:15-18:00

Mættir: Brynhildur, Halldór, Herdís, Jóney, Kolbrún Ada, Lilja, Margrét Nína, Valdimar, Þorkell, Þór.
Fundarstjóri: Lilja.
Fundarritari: Herdís.

1. Annaruppgjör haustannar 2016

Herdís kynnti annaruppgjör haustannar 2016 og fór jafnframt yfir það hvernig vorönn 2017 byrjaði m.t.t. nemendafjölda, ársnemaeyninga og skiptingu nemenda á brautir.

2. Rekstur

Jóney fór yfir rekstraryfirlit ársins 2016. Þar kom fram að flestir rekstrarliðir fara nokkuð yfir áætlun en eru samt töluvert lægri en á fyrra ári enda hefur mikill samdráttur átt sér stað í rekstri, meðal annars með skerðingu námsframboðs. Rekstrarhalli ársins 2016 var tæplega 3 milljónir króna.

Jóney kynnti jafnframt samanburð rauntalna og fjárheimilda árið 2016. Þar kom fram að uppsöfnuð skuld Framhaldsskólans á Húsavík við ríkissjóð er tæplega 10 milljónir króna. Þar af eru um 3 milljónir frá árinu 2016 og 7 milljóna króna hali frá undangengnum árum.

Jóney greindi frá því að útistandandi skuldir skólans við ýmsa þjónustuaðila sína og birgja næmi nú um 3,5 milljónum króna. Menntamálaráðuneytið hefur heitið um 5 milljónum króna til þess að bregðast við hinum bráða lausafjávanda skólans. Þessa peninga stendur til að greiða út á næstu dögum samkvæmt þeim upplýsingum sem Jóney hefur fengið frá menntamálaráðuneyti.

Lilja greindi frá fundi sem skólanefnd og skólastjórnendur FSH áttu með Kristjáni Þór Magnússyni sveitarstjóra Norðurþings varðandi hina alvarlegu stöðu skólans. Þar var rætt um að mynda hóp þar sem ýmsir aðilar í samfélaginu ættu sæti til að ræða úrlausnir á vanda skólans og framtíð hans. Einnig sagði Lilja frá því að skólanefndarformaður, skólastjórnendur og sveitarstjórn Norðurþings hefðu ítrekað óskað eftir fundi með fulltrúum frá menntamála- og fjármálaráðuneyti en lítil svör fengið við því erindi.

Jóney greindi fundarmönnum í kjölfarið frá því að að stjórnendur FSH hefðu setið tvo fundi með skólastjóra Borgarhólsskóla, ásamt fræðslufulltrúa og sveitarstjóra Norðurþings um aukið samstarf og flæði á milli skólastiganna. Það kemur ekki síst til af því að samræmd próf í 9. bekk munu hafa í för með sér breytingar í efstu bekkjum grunnskóla.

3. Samstarf skóla á Norðaustursvæði

Jóney greindi frá fundi sem haldinn var í síðustu viku með fulltrúum úr grunn- og framhaldsskólum á Norðausturlandi ásamt fræðslufulltrúum á þessu svæði og fleirum. Meðal annars var rætt um hvað það myndi þýða fyrir bæði grunn- og framhaldsskóla að stór hluti nemenda í 9. bekk muni hugsanlega uppfylla skilyrði til þess að hefja nám í framhaldsskóla strax næsta haust. Margir fundarmenn lýstu yfir áhyggjum af því að 10. bekkurinn yrði í kjölfarið hálfgerður eftirsetubekkur.

Jóney sagði frá kynningu sem matshópur VMA mun halda fyrir stjórnendur og matshópa framhaldsskólanna á Norðausturlandi. Þar verður alþjóðlegt gæðakerfi kynnt en VMA hefur notað það í nokkur ár.

Jóney greindi frá nýjum lögum sem sett hafa verið varðandi skjalaskráningu ríkisstofnana. MA er kominn nokkuð langt með þróun skjalaskráningarkerfis og mun væntanlega taka að sér að miðla þekkingu sinni til annarra skólastofnana.

Jóney sagði jafnframt frá áframhaldandi samstarfi framhaldsskóla á Norðaustursvæði en Svanfríður Jónasdóttir stýrir því. Skólameistarar hafa beðið nýjan menntamálaráðherra um fund til að kynna stöðu skólanna og samstarf þeirra.

4. Önnur mál

Margrét Nína kynnti það helsta í starfi nemendafélagsins að undanfögnu. Margrét sagði frá undirbúningi dillidaga sem haldnir verða í lok febrúar. Brynhildur greindi frá því að foreldrafélagið hefði í hyggju að bjóða upp á grjónagraut í einhverju hádeginu á dillidögum.

Rætt var um samstarf FSH og Laugaskóla varðandi Tónkvísl en nemendur beggja skóla geta fengið félagseiningar fyrir störf sín í tengslum við hátíðina.

Margrét greindi frá því að nemendur FSH hefðu sigrað bréfamaræðun Áslandsdeildar Amnesty International í þágu virðingar og mannréttinda.

Jóney greindi frá því að búið væri að ráða í stöðu fjármálastjóra og ritara við skólann. Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir, sem gegnt hefur þessu starfi undanfarið ár, mun láta af störfum í byrjun mars og í hennar stað hefur Arna Ýr Arnarsdóttir viðskiptafræðingur verið ráðin. Um er að ræða 90% stöðu.

Jóney sagði frá því að skólinn ætti 30 ára afmæli í ár. Ingólfur Freysson hefur verið fenginn til þess að stýra störfum afmælisnefndar en í henni munu jafnframt sitja fulltrúar nemenda, foreldra og hollvina. Haldin verður stutt dagskrá á stofndeggi skólans, 1. apríl, en veglegri dagskrá verður svo haldin í haust.

Jóney sagði frá því að FSH hefði hlotið 500.000 kr. styrk til þess að efla geðrækt við skólann. Þegar hefur verið haldið námskeið um sorg og sorgarviðbrögð á vegum foreldrafélagsins en það var sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir sem stýrði því. Til stendur að fá Einar Gylfa Jónsson sálfræðing til að halda námskeið fyrir starfsfólk í febrúar. Aðalbjörn Jóhannsson mun stýra skólafundi um geðræktarmál í mars og Héðinn Unnsteinsson mun að öllum líkindum verða með námskeið fyrir nemendur og almenning á dillidögum.

Valdimar greindi frá því að á kennarafélagsfundi sem haldinn var nýlega hefði verið samin ályktun varðandi fjárhagsstöðu skólans og framtíðarhorfur hans og að til stæði að senda ályktunina til menntamálaráðuneytis á næstunni.

Halldór greindi frá því að í Rauða krossinum hefði verið rætt um að mynda hóp um sálræna skyndihjálp á áfallatímum með fulltrúum allra skóla í Þingeyjarsýslum.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið.